

Mál nr. 287/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið vátryggingar. Handalögmál.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dagsettar 16. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína þann 16. júní 2020 í áhaldahúsi X þegar hann fellur í gólfið eftir að samstarfsmaður Y hafi hrint honum.

Atvikum er þannig lýst í tilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands, dags. 14. október 2021, sem bæði M og fulltrúi vinnuveitanda undirrita, að Y hafi ráðist á M svo M datt og rakst í eitthvað sem olli því að hann brotnaði. Atvikum er einnig lýst í kæru M og framburði Y hjá lögreglu. Loks er atvikum einnig lýst í vitnaskýrslu hjá lögreglu. Þar segir að vitnið og Y hafi verið í pásu í vinnunni og setið inni í rými þar sem M var að vinna. Vitnið segir að M hafi beðið sig og Y að færa sig þar sem hann hafi viljið halda áfram að vinna. Vitnið segir enn fremur að Y hafi ekki skilið hvað M var að biðja um því Y hafi áfram viljað sitja þar sem hann væri í pásu. Þá hafi M reynt að toga Y upp úr stólnum þar sem Y sat í. Þannig hafi bæði M og Y orðið æstir og farið að rífast og því næst að slást. Vitnið segist þá hafa farið í burtu en þegar hann kom aftur þá hafi M legið í jörðinni og greinilega verið meiddur.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr slysátryggingu launþega X þar sem Y, sem er starfsmaður hjá X, hafi sýnt af sér saknæma háttasemi með því að ráðast á M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu launþega þar sem í 7.gr. a) skilmála félagsins segir að félagið greiðir ekki bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort háttsemi Y, starfsmanns X, hafi verið líkamsárás eða hvort um sé að ræða handalögmál sem eru undanþegin bótaábyrgð í skilmálum V.

Ekki er fullt samræmi í lýsingum á málsatvikum en leggja verður atvikalýsingu frá vitni í lögregluskýrslu að atburðinum til grundvallar. Þar kemur skýrlega fram að M hafi átt upphafið af samskiptum aðila með því að toga í Y og reyna að taka hann upp úr stól sem hann sat í, báðir aðilar hafi verið æstir og farið að rífast og næst að slást.

Af þessari lýsingu verður ekki talið sannað að um líkamsárás hafi verið að ræða, heldur handalögmál sem eru falla ekki undir skilmála slysátryggingar launþega V m.v. undanþáguákvæði gr. 7.a. í vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir